

„Frelsi til að leggja mitt af mörkum til samfélagsins”: Upplifun innflytjendakvenna í frumkvöðlastarfi

Þóra H. Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir ¹

Ágrip

Innflytjendur leika æ stærra hlutverk í íslensku athafnalífi bæði sem nauðsynlegt vinnuafl og sem frumkvöðlar. Alþjóðlegar rannsóknir sýna að innflytjendur mæta ýmsum hindrunum á vinnumarkaði en lítið er samt vitað um hvert framlag þeirra er og reynsla sem eigendur fyrirtækja og frumkvöðlar hérlandis. Þessi veigamikli þáttur hefur verið afskiptur, en mikilvægt er að kanna samspil þátta eins og kyns, kynþáttar, þjóðernis og uppruna innflytjenda í samhengi við sérkenni hvers lands til að fá fyllri mynd. Í þessari fyrirbærafræðilegu rannsókn voru tekin viðtöl við þrettán innflytjendakonur, sem eru frumkvöðlar, til þess að skoða reynslu þeirra og upplifun sem konur, innflytjendur, minnihlutahópar og frumkvöðlar. Niðurstöður leiddu í ljós skörun hindrana sem konurnar upplifa, en einnig hæfni kvennanna til að koma auga á tækifæri fyrir eigin atbeina og einnig sækja styrk til síns innflytjendanets. Fyrir sumar konurnar kom frumkvöðlahlutverkið til af nauðsyn, en meirihlutinn var drifinn áfram af löngun til leggja sinn skerf af mörkum til samfélagsins, styrkja aðra innflytjendur og konur og að færa fram lausnir og nýsköpun. Í ljós kom að smæð íslensks samfélags hafði bæði jákvæð og neikvæð áhrif á reynslu kvennanna. Auk þess kom fram að þær upplifðu útilokun og jaðarsetningu er þær störfuðu í atvinnugeirum þar sem meirihlutinn voru karlmenn og í samskiptum við innlendar athafnakonur. Gerð er grein fyrir því hvað hvetur konurnar áfram, skörun hindrana sem konurnar mæta, byggt á skörun kyns, kynþáttar, þjóðernis og uppruna sem innflytjendur, auk umræðu um staðalmyndir og kynjahalla í frumkvöðlastarfsemi.

Abstract

Migrants play an increasingly substantial role in the Icelandic economy, providing much-needed labor and establishing new business ventures. Internationally, research has shown that migrants face numerous barriers in labor markets, yet little is known about their contribution and experiences as business owners and entrepreneurs in Iceland. This important area is understudied, and more focus is needed on the interaction of the specific context of each country and the gender, race, nationa-

1 Þóra H. Christiansen er aðjúntkt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Netfang: thc@hi.is. Erla S. Kristjánsdóttir er prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Netfang: esk@hi.is.

lity, and origins of the migrants. In this phenomenological study, we interviewed thirteen migrant women entrepreneurs to seek an understanding of their lived experiences as women, migrants, and entrepreneurs. The findings highlight the intersectionality of barriers, as well as the women's agency in finding opportunities and sourcing strength from their migrant network. For some of the women, their initial motivation for becoming entrepreneurs was necessity, but the majority were motivated by their desire to contribute to the community, support other migrants, and to innovate. The small size of the Icelandic community and economy turned out to have both positive and negative effects on their experiences. Moreover, when operating in male-dominated sectors where the majority were men and interacting with local businesswomen, they felt excluded and disempowered. The implications of the intersectionality of barriers that migrant women entrepreneurs face, based on the intersectionality of gender, race, nationality, and migrant background, are discussed, and the need for questioning the stereotypes and gender bias in the field of entrepreneurship is highlighted.

JEL flokkun: J60; M140; O35.

Lykilorð: Hvatar; innflytjendakonur; kvenfrumkvöðlar; samfélagsleg nýsköpun; útilokun/inngilding; skörun.

Keywords: Exclusion/inclusion; intersectionality; migrant women entrepreneurs; motivators; social value creation.

“Freedom to contribute to the community”: Experiences of migrant women entrepreneurs.

1 Inngangur

Þrátt fyrir aukinn áhuga rannsækenda á frumkvöðlastarfi innflytjenda vantar talsvert upp á að frumkvöðlastarfi kvenkyns innflytjenda hafi verið gerð nægjanlega greinargóð skil. Segja má að konur sem eru bæði innflytjendur og frumkvöðlar (KIF) séu nær ósýnilegar í rannsóknum, annars vegar vegna þess að kynjabreytum er lítil gaumur gefinn í rannsóknum á stöðu innflytjenda sem eru frumkvöðlar og hins vegar vegna þess að frumkvöðlafræði út frá kynjavinklinum gefa jafnan innflytjendum lítinn gaum (Collins og Low, 2010). Skýrslur GEM (Global Entrepreneurship Monitor) um stöðu frumkvöðlakvenna í heiminum fjalla til dæmis ekkert um innflytjendakonur (Elam o.fl., 2021, 2013). Þetta mikilvæga svið er lítt rannsakað og því skortir þekkingu á aðstæðum í hverju landi og þjóðernislegum uppruna þessara innflytjenda (Chreim o.fl., 2018). Þótt mikilvægt sé að svipta hulunni af og skilja skörun (intersectionality) hindrana (Crenshaw, 1991; Elo o.fl., 2020; Lassalle og Shaw, 2021), sem mæta konum vegna kyns, kynþáttar, þjóðernis og innflytjendabakgrunns, er einnig mikilvægt að skoða hvernig bakgrunnur þeirra, reynsla, og aðstæður sem innflytjendur geta verið hvatar og gert þeim frumkvöðlastarf mögulegt (Azmat, 2013). Hvatar að baki frumkvöðlastarfi innflytjendakvenna, bæði jákvæðir og neikvæðir, eru lítt rannsakaðir, sem og áhrif karllægrar (masculine) frumkvöðlaorðræðu þegar rætt er um og við frumkvöðlakonur með innflytjendabakgrunn (Ahl og Marlow, 2012, 2021).

Með því að beita sjónarhorni skörunar (Crenshaw, 1991) skoðum við samhengið milli inngildingar/útilokunar, félagsstöðu og félagstengsla frumkvöðlakvenna sem eru innflytjendur, og vörpum ljósi á áhrif hindrana, drifkrafta og eigin atbeina (agency) á leið þeirra til að gerast sjálfstæðir fyrirtækjaeigendur. Í þessari rannsókn voru tekin viðtöl við þrettán konur, sem eru innflytjendur og frumkvöðlar (KIF), til þess að skoða reynslu þeirra af frumkvöðlastarfi á Íslandi. Með þessu móti drögum við fram þætti sem hafa hvetjandi og

letjandi áhrif á framlag þeirra til samfélagsins og hagkerfisins. Við notum fyrirbærafræðilega nálgun til að skilja upplifun KIF af því að stofna eigið fyrirtæki og setjum í samhengi við heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun; númer 5 um kynjajafnrétti og númer 10 um að minnka ójafnrétti.

Í fyrsta hluta fræðilega yfirlitsins lýsum við þeim hindrunum og hvötum sem rannsóknir hafa sýnt að liggja að baki frumkvöðlastarfi innflytjenda. Því næst gerum við grein fyrir rannsóknum á frumkvöðlastarfi kvenna og þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram á það sem talið er karllægni staðalmynda frumkvöðlafræða og skortur á innsýn í frumkvöðlastarf kvenna. Þessir þættir fléttast svo saman í umfjöllun um fræðilegan ramma skörunar (intersectionality) sem varpað getur skýrara ljósi á upplifanir innflytjendakvenna af frumkvöðlastarfi. Þar sem frumkvöðlastarf innflytjendakvenna hefur ekki verið í brennidepli í íslenskum rannsóknum lýsum við helstu niðurstöðum rannsókna á frumkvöðlastarfi innflytjendakvenna á hinum Norðurlöndunum og loks fjöllum við stuttlega um það sem helst einkennir umhverfi innflytjendakvenna í frumkvöðlastarfi á Íslandi. Í ljósi rannsókna sem sýnt hafa að innflytjendakonur í frumkvöðlastarfi, t.a.m. á Norðurlöndunum, takast á við áskoranir sem rætur eiga í skörun þátta eins og kyns, uppruna, trúar og hvítleika (whiteness) samfélagsins reynum við að svara rannsóknarspurningunni: Hvernig upplifa menntaðar innflytjendakonur hvata og áskoranir við að gerast frumkvöðlar og að stofna eigin rekstur á Íslandi?

2 Fræðilegur bakgrunnur

Frumkvöðlar eru framsæknir í nýsköpun og stofnun fyrirtækja, hallir undir áhættutöku og hafa hæfileika til nýsköpunar (Azmat, 2013), en jafnframt er áhugahvöt stór þáttur ásamt færni og þrautseigju (Barba-Sánchez og Atienza-Sahuquillo, 2017). Innflytjendur hafa oft meiri tilhneigingu til að leggja út í frumkvöðlastarfsemi heldur en innfæddir (Aliaga-Isla og Rialp, 2013) og sýnt hefur verið fram á að bæði nauðsyn og tækifæri eru drifkraftar í þeim efnum (Clark og Drinkwater, 2000; Dheer, 2018). Þjóðfélags- og kerfislæg mismunur, sem bitnar á innflytjendum á vinnumarkaði, ýtir þeim í átt til að stofna eigin rekstur (Jafari-Sadeghi, 2020) og er atvinnuleysi, eða hlutastörf, sem hafa ekki menntun þeirra eða reynslu, oft einn frumhvati innflytjenda til frumkvöðlastarfs eða eigin rekstrar (Munkejord, 2017a, 2017b; Pio, 2007).

Frumkvöðla úr hópi innflytjenda skortir iðulega tengsl inn í frumkvöðlavistkerfi (entrepreneurial ecosystem) í nýju landi (Bolzani og Mizzau, 2019), en tækifæri geta gefist vegna þjóðernis- og félagslegs bakgrunns, t.d. vegna þess að þau koma auga á tækifæri sem felast í eftirspurn eftir vörum eða þjónustu innan þeirra innflytjendasamfélags (Hedberg og Petterson, 2012), eða vegna hæfileika til að veita afskiptum svæðum það sem skortir eins og dæmin sanna hvað varðar mikilvægi innflytjenda í athafnalífi dreifbýlisins (Søholt o.fl., 2018). Það sem drífur innflytjendur áfram sem frumkvöðla er líklega samspil þessara þátta auk annarra (Kloosterman, 2010) og því er mikilvægt að skoða einnig huglæg atriði, er stuðla að árangri í atvinnulífinu, á borð við sjálfstæði og áhrif á samfélagið, auk markmiða er snerta efnahagslega virðissköpun (Hechavarría o.fl., 2017; Wach o.fl., 2016). Frumkvöðlastarf innflytjenda er vaxandi áhrifaþáttur í hagkerfum landa um allan heim og hafa Ramos-Escobara o.fl. (2022) bent á mikilvægi þess að fjölbreytni og sýbreytileiki (dynamic) aðstæðna, hvata og félagsauðs sé lögð til grundvallar rannsóknum á frumkvöðlastarfi innflytjenda.

Þótt frumkvöðlavistkerfið byggi á mörgum stöðum - nefna má þætti eins og markaði, mannauð, fjármögnun, stuðningsnet, stefnu- og reglugerðaramma, menntun, rannsóknarstofnanir og samfélagsstuðning (Bolzani og Mizzau, 2019; Stam, 2015), eru það einkum staðarsamfélagið, tengslanet og mentorar sem eru mikilvægar breytur fyrir frumkvöðla sem eru að einhverju leyti utanaðkomandi, hvort heldur um er að ræða konur (Malecki, 2018), innflytjendur (Bolzani og Mizzau, 2019) eða innflytjendakonur. KIF hafa mögu-

lega aðgang að sömu samfélagsgæðum og aðrar konur, t.d. tengslaneti athafnakvenna, en hætt er við að þær séu ekki metnar að verðleikum innan tengslanetsins vegna kynþáttar, uppruna eða félagsstöðu og hafa því í rauninni ekki sama aðgengi og aðrar konur innan tengslanetsins (Anthias, 2007).

Sýnt hefur verið fram á að vonbrigði með ónóg tækifæri til starfsframa eru veigamikil ástæða þess að konur hætta í starfi og stofna eigin fyrirtæki (Buttner og Moore, 1997; Elam, 2023). Slík framaskref eru samt sem áður ýmsum vandkvæðum bundin. Fyrirtæki kvenna hafa tilhneigingu til að vera minni og skila lægri ágóða heldur en fyrirtæki karla (Elam o.fl., 2023; Loscocco og Bird, 2012). Þrátt fyrir að komið hafi fram gagnrýni á slíkan samanburð milli fyrirtækja kvenna og þess sem lýst hefur verið sem karllægri staðalmynd frumkvöðulsins (Ahl og Marlow, 2012), er ljóst að konur hafa færri fyrirmyndir og líða fyrir að falla ekki að staðalmynd frumkvöðulsins, sem aftur grefur undan trúverðugleika kvenna sem frumkvöðlar og gerir lítið úr hlutverki minni og síður vaxtarmiðuðum rekstri (Ahl og Marlow, 2012; Lewis, 2006; Mattis, 2004). Ahl og Marlow (2012, 2021) hafa þannig sett fram gagnrýni á orðræðuna um frumkvöðlastarf, bæði hvað varðar þá staðalmynd sem haldið er á lofti um frumkvöðulinn sem áhættusækin og vaxtarmiðaðan, sem þær telja mjög karllæga, og hvað varðar hvernig konur eru hvattar til þátttöku í frumkvöðlastarfi án þess að nægjanlega sé hugað að ólíkri stöðu og möguleikum karla og kvenna. Bosse og Taylor (2012) ganga svo langt að skilgreina vandkvæði er snúa að kvenkyns frumkvöðlum sem „annað glerþak“ einkum hvað snertir fjármögnun fyrirtækja sinna. Þar að auki hefur frumkvöðlakonum jafnvel verið ráðlagt að tengjast og hafa karla í teyminu því það auki möguleika þeirra á að tryggja sér fjármagn til starfseminnar (Godwin o.fl., 2006).

Bæði karlar og konur í frumkvöðlastarfi eru fyrst og fremst drifin áfram af skorti á atvinnutækifærum (Elam o.fl., 2021, 2023). Þótt fleira sé líkt en ólíkt með konum og körlum í frumkvöðlastarfi (Elam o.fl., 2023), hefur komið fram kynjamunur þar sem karlar eru frekar hvattir til frumkvöðlastarfs af fjárhagslegum ávinningi og vaxtartækifærum, en það sem drífur konur áfram er yfirleitt samspil ástæðna, t.d. sjálfsefning og viðurkenning, til viðbótar nýsköpun og fjárhagslegri velgengni (Manolova o.fl., 2012). Kynjabilið er marktækt minna í samfélagslegri nýsköpun heldur en hagnaðardrifinni nýsköpun (Bosma o.fl., 2016; Donaldson o.fl., 2023) og að auki eru fyrirtæki kvenna er sinna samfélagslegri nýsköpun að jafnaði nýjungadrifnari heldur en fyrirtæki karla (Egel, 2021). Samfélagslegt samhengi skiptir einnig máli og í síð-efnishyggju samfélögum eins og finna má á Norðurlöndunum, er meira áberandi hvað konur setja samfélagsleg markmið ofar fjárhagslegum markmiðum en einnig finnast dæmi í Asíulöndum um að konur séu síður líklegar en karlar til að setja samfélagsleg markmið á oddinn (Elam o.fl., 2021; Hechavarría o.fl., 2017). Þó fjallað sé um þátt menningar í skýrslum GEM og staða frumkvöðlakvenna í ólíkum löndum og heimshlutum borin saman, er staða eða mögulegar hindranir innflytjendakvenna með ólíkan menningarbakgrunn ekki teknar til sérstakrar skoðunar (Elam o.fl., 2021, 2023). Gera má ráð fyrir að menningarmunur geti spilað inn í stöðu og möguleika kvenna frá öðrum menningarsvæðum sem stunda frumkvöðlastarf á Íslandi.

Skörun hindrana (Crenshaw, 1991), sem KIF standa frammi fyrir á rætur sínar m.a. að rekja til þátta eins og kyns, kynþáttar og innflytjendastöðu (Elo o.fl., 2020; Ozkazanc-Pan og Muntean, 2021). Azmat (2013) dregur saman niðurstöður rannsókna er sýna að KIF eiga erfitt uppdráttar og hallar tvöfalt eða jafnvel þrefalt á þær miðað við karlana. Tvöfaldur halli felst í því að vera kona og innflytjandi og þurfa því að sigrast á kynjahalla auk þess að glíma við hindranir sem innflytjandi. Hindranir innflytjenda á borð við tungumálaörðugleika, takmörkuð starfsframataækifæri og vandkvæði með að fá menntun og reynslu viðurkennda hafa allar sést á íslenskum vinnumarkaði (Kristín Loftsdóttir o.fl., 2016; Kristjánsdóttir og Christiansen, 2017; Stangej o.fl., 2018). Þrefaldur halli bitnar á KIF sem eru auk þess frá löndum þriðja heimsins og stofna til eigin rekstrar í þróaðri löndum (Azmat, 2013). Í vestrænum löndum, líkt og Íslandi, þar sem fjölgun innflytjenda hefur verið mjög hröð, hafa kynþáttafordómar og hin ósýnilegu og duldu viðmið hvítleika (Kristín Loftsdóttir, 2017, 2020) takmarkandi áhrif á tækifæri þeirra sem ekki eru taldir til-

heyra hvíta meirihlutanum (Christiansen og Kristjánsdóttir, 2022; Pio o.fl., 2021). Vert er einnig að hafa í huga að hvítleiki og kynþáttafordómar taka á sig ýmsar myndir. Innflytjendur á Íslandi frá Austur Evrópu hafa mætt kynþáttafordómum (Loftsdóttir, 2017) og þá hefur t.d. hugtakið „bambusþakið“ verið sett fram til að lýsa þeim hindrunum sem mæta fólki af asískum uppruna á vestrænum vinnumörkuðum (Yu, 2020). Vegna hinnar hvítu staðalmyndar verður það enn meiri áskorun að upplifa það að tilheyra (belong) og hljóta samþykki samfélagsins hjá þeim sem skortir félagsauðinn sem byggir á hvítleika (Anthias, 2008; Lundström, 2017).

Líkt og fram hefur komið er frumkvöðlastarf innflytjendakvenna lítt rannsakað hérlandis. Lítum við því til norræna rannsókna á KIF til að varpa ljósi á það sem tálmar eða styður í frumkvöðlavistkerfinu. Rannsóknir frá Svíþjóð benda til þess að sjálfstæður atvinnurekstur geti opnað leið inn á vinnumarkað og valdeflt menntaðar innflytjendakonur (Abbasian og Bildt, 2009), en einnig að þær finni fyrir þrýstingi að stofna til eigin atvinnurekstrar vegna t.d. atvinnuleysis, jafnvel þótt þær skorti nauðsynlegan samfélagslegan og efnahagslegan stuðning. Samanburður við innfæddar sænskar konur sýnir að KIF taka síður bankalán og eru líklegri til að reiða sig á stuðning fjölskyldumeðlima, sem takmarkar möguleika þeirra (Abbasian og Yazdanfar, 2013). Hedberg og Petterson (2012) komust að því að KIF eru einkum drifnar áfram af löngun til að vera sjálfstæðar og að leggja sitt af mörkum til að efla gæði í sinni starfsgrein og jafnframt nota uppruna sinn sem tryggingu fyrir góðri þjónustu. Webster og Haandrikman (2017) benda á nauðsyn þess að skoða nýsköpun kvenna út frá ókarllægu sjónarhorni (non-masculinist perspective) til að hægt sé að afhjúpa raunverulegan margbreytileika frumkvöðla samtímis því að hnykkja á nauðsyn breiðari skírskotunar í umfjöllun um frumkvöðlastarf. Niðurstöður þeirra sýna að frumkvöðlastarf kvenna er fyrst og fremst í geirum þar sem konur starfa í meirihluta, eins og veitinga-, heilsu- og þjónustugeirum, og að þær notfæra sér úrræði, reynslu og kynjuð tengslanet á frumlegan hátt. Rannsóknir Pio (2010) á múslimskum KIF í Svíþjóð leiddi í ljós vægi trúar- og menningarlegs bakgrunns og hvernig konurnar samþætta trúar- og menningarlegar hefðir til að leggja sinn skerf til sænsks efnahagslífs. Munkejord (2017b) beindi sjónum að KIF í norsku dreifbýli og sýndi fram á mikilvægi tengslaneta og hvernig innfæddur maki getur leikið mikilvægt hlutverk í því að koma rekstri innflytjendakvenna á koppinn, einkum á sviðum þar sem þær finna ekki stuðning annarra innflytjenda innan tengslanetsins. Þrátt fyrir takmarkaðar rannsóknir á þessum efnum á hinum Norðurlöndunum er mikilvægi samfélagslegs samhengis ljóst og sýnir fram á mikilvægi þess að hafa í huga að KIF eru ekki einsleitur hópur hvað varðar þjóðerni, kynþátt, félagsstöðu, uppruna og mismunandi hlutverk sem þátttakendur í samfélaginu í víðu samhengi.

Smæð íslenska hagkerfisins og fámenni getur af sér umtalsverðan óstöðugleika með stóraukinni eftirspurn vinnuafls þegar vel árar (Gylfi Magnússon o.fl., 2019). Fjöldi innflytjenda vex því hratt, en þeir bera að jafnaði minna úr bítum en innfæddir, vinna lengri vinnudag, eru ólíklegri til að gegna stöðu sem hæfir menntun þeirra og líklegri til að verða atvinnulausir þegar harðnar á dalnum (Vinnumálastofnun, 2018). Hlutfallslega eru til að mynda mjög fáir stjórnarmenn af erlendum uppruna skipaðir hjá íslenskum hlutafélögum ef tekið er mið af hlutfalli innflytjenda á Íslandi (Simona Vareikaite o.fl., 2022). Jafnframt er hætt við að menntaðir innflytjendur séu ekki metnir að verðleikum og hæfni þeirra dregin í efa þegar þeir reyna að finna störf sem hæfa menntun þeirra (Kristín Loftsdóttir o.fl., 2016; Kristjánsdóttir og Christiansen, 2017). Menntaðar konur meðal innflytjenda eru í jafnvel enn verri stöðu og líklegri til að vera atvinnulausar eða í hlutastörfum (Burdikova o.fl., 2018) og menntaðar innflytjendakonur af minnihluta kynþætti þurfa að þola dulda fordóma og mismunun á vinnustað (Christiansen og Kristjánsdóttir, 2022).

3 Aðferðafræði

Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í upplifun og reynslu innflytjendakvenna á hvötum til að gerast frumkvöðull og áskorunum við að stofna eigin rekstur á Íslandi. Við

leitum svara við rannsóknarspurningunni: Hvernig upplifa menntaðar innflytjendakonur þá hvata og áskoranir við að gerast frumkvöðlar og stofna eigin rekstur á Íslandi? Fyrirbærafræði var beitt í rannsókninni og við greiningu gagnanna. Fyrirbærafræði er eigindleg aðferðafræði sem fellur vel að markmiðum rannsóknarinnar um að öðlast innsýn inn í þá merkingu sem þátttakendur leggja í upplifun sína af fyrirbærum þeim sem til rannsókna eru. Við lítum á viðmælendur okkar í rannsókninni sem meðrannsakendur (Orbe, 1998). Viðtölunum er ætlað að draga fram lýsingar viðmælenda á reynslu sinni og upplifun fremur en viðhorf, útskýringar eða túlkun þeirra á upplifunum sínum. Sem rannsakendur reynum við að leggja til hliðar eigin viðhorf eða fyrir fram gefnar hugmyndir um fyrirbærið og vera meðvitaðar um hvernig okkar hugmyndir og viðhorf geta litað túlkun gagnanna (Orbe, 1998).

Þátttakendur voru valdir með hagkvæmniúrtaki (convenience sample) út frá þeim viðmiðum að vera fyrstu kynslóðar innflytjendakonur á Íslandi, hafa lokið háskólanámi eftir framhaldsskóla og að hafa stofnað og rekið eigið fyrirtæki á Íslandi í að minnsta kosti tvö ár. Rannsakendur höfðu samband við aðila í eigin tengslaneti, nýttu fjölmiðlaumfjöllun til að finna fyrirtæki innflytjendakvenna, og nýttu snjóboltaaðferð til að ná til fleiri viðmælenda og bjóða þeim þátttöku. Með þessari aðferð getur val viðmælenda stýrst af ýmsum utanaðkomandi þáttum, en vert er að hafa í huga að markmið fyrirbærafræðilegra rannsókna er ekki að alhæfa um tiltekna hópa utan viðmælendahópsins.

Tekin voru hálf-opin djúpviðtöl við þrettán konur. Viðtölin fóru fram á ensku, á vinnustöðum eða heimilum þátttakenda, skrifstofum rannsakenda eða með fjarfundabúnaði. Viðtölin tóku á bilinu 40-95 mínútur, voru tekin upp á síma og tölvur rannsakenda, og loks afrituð orðrétt. Viðtalsramminn samanstóð af spurningum um t.d. hverjir voru hvatarnir fyrir stofnun eigin rekstrar, hverjar eru helstu hindranir sem þær hafa upplifað við stofnun eða rekstur eigin fyrirtækis, og hvernig þær upplifa samskipti við íslenskar stofnanir og viðskiptavinir. Viðmælendur voru upplýstir um tilgang rannsóknarinnar, samþykkis þeirra leitað fyrir þátttöku og upptöku, og að þeim væri heimilt að hætta við þátttöku hvenær sem er. Vísað er til viðmælenda með dulnefnum í niðurstöðukaflanum til að tryggja nafnleynd. Tafla 1 sýnir helstu bakgrunnsbreytur þátttakenda. Meðalaldur þeirra er 46 ár, að meðaltali eru 16 ár frá komu þeirra til Íslands og þær eiga uppruna að rekja til fimm mismunandi heimsálfa. Smæð samfélagsins gerir það að verkum að ekki er unnt að tilgreina nánari upplýsingar um einstaklingana.

Tafla 1

Upplýsingar um bakgrunn þátttakenda og fjölda í hverjum flokki

Aldursbil		Uppruni		Ár frá komu	
30-39	2	Evrópa	5	1-9	5
40-49	7	Afríka	2	10-19	1
50-59	2	Asía	2	20-29	6
60-69	2	Mið-Austurlönd	2	30-39	1
		Mið-Ameríka	1		
		Suður Ameríka	1		

Í töflu 2 má sjá helstu upplýsingar um rekstur þátttakenda. Reksturinn er í ýmsum geirum atvinnulífsins og hafa þátttakendur verið í rekstri á bilinu 2 til 19 ár. Fjórar kvennanna hafa ekki ráðið starfsfólk, sjö þeirra hafa ráðið á bilinu 1-4, tvær hafa ráðið á bilinu 5-10 og auk fastra starfsmanna eru tvær þeirra með á bilinu 15-50 verktaka á sínum snærum. Einungis ein þeirra er þó einyrki, þ.e. starfar ein og stóð ein að stofnun síns rekstrar. Fæst fyrirtækin falla því í þann flokk sem helst er hampað í skrifum um frumkvöðla (Welter o.fl., 2017); þau eru stofnuð af konum, eru fremur smá, stofnuð með eigin fjármagni fremur en studd af fagfjárfestum, og ekki fyrst og fremst vaxtarmiðuð.

Tafla 2

Upplýsingar um rekstur þátttakenda og fjölda í hverjum flokki

Starfsvettvangur	Ár í rekstri	Starfsmannafjöldi	Meðstofnendur/ -fjárfestar				
Innflutningur og smásala	3	1-4	4	Starfar ein	4	Ein stofnandi	7
Framleiðsla	4	5-9	5	1-4	7	1-2 fjölskyldumeðlimir	3
Ferðapjónusta	1	10-14	3	5-10	2	1-2 viðskiptafélagar	2
Veitingarekstur	2	15-19	1			1-2 meðfjárfestar	1
Viðskiptapjónusta	2						
Heilsa og vellíðan	1						

Við greiningu gagna var byggt á þremur stigum fyrirbærafræðilegrar greiningar, lýsingu, samþættingu og túlkun (Lanigan, 1988). Fyrsta stigið, lýsing, samanstendur af munnlegri lýsingu viðmælenda og afritun yfir í texta (Nelson, 1989). Annað stigið, samþætting, felur í sér að texti hvers viðtals er lesinn ítrekað og þær lýsingar merktar og ígrundaðar sem best tengjast rannsóknarspurningunni og upplifun viðmælenda af fyrirbærinu. Með samþættingu byrja þemun að mótaast, tengsl milli þema eru skoðuð og dregin fram þau atriði sem mynda kjarna reynslunnar (Orbe, 1998). Þriðja skrefið felur í sér túlkun kjarna þeirrar merkingar sem hvert þema snýst um (Nelson, 1989).

4 Niðurstöður

Greining viðtala leiddi af sér þrjú þemu sem lýsa upplifun og reynslu innflytjendakvenna af þeim hvötum og áskorunum sem fylgja því að gerast frumkvöðlar og stofna eigin fyrirtæki á Íslandi. Þemun lýsa þremur lykilþáttum í upplifun innflytjendakvennanna: 1) mikilvægi hvatans til að skapa félagsleg verðmæti, 2) hvernig skörun áhrifaþátta getur leitt til bæði inngildingar og útilokunar og 3) hvernig áhrif smæðar og aðgengileika íslensks samfélags geta orðið bæði til að auðvelda þeim og hindra í frumkvöðlastarfi.

4.1 Sköpun félagslegra verðmæta

Konurnar voru mjög sáttar og stoltar af því að hafa flust búferlum til nýs lands, komið sér vel fyrir, lagt mikið á sig og náð góðum árangri með sinn fyrirtækjarekstur. Þrátt fyrir að helsti hvatininn til þess að fara út í eigin rekstur hafi hjá sumum þeirra verið það að fá ekki starf annars staðar, útilokun eða að þeim hafi verið sagt að þær þyrftu að setta sig við sína stöðu því þær fengju aldrei vinnu annars staðar, þá lýstu þær allar því að helsta drifjöðrin í þeirra frumkvöðlastarfi væri að leggja sitt af mörkum til samfélagsins og styðja aðra innflytjendur.

Mikilvægasta markmið kvennanna var að skapa félagsleg verðmæti sem var einnig helsti drifkrafturinn á bak við frumkvöðlastarf þeirra. Daphne lýsti því hvernig hún hafði allt frá unga aldri verið drifin áfram af draumnum um að bæta heiminn og að hún hafi verið tilbúin að leggja mjög hart að sér til að láta þann draum rætast:

Allt frá því að ég var lítil vildi ég breyta heiminum. Ég vildi gera heiminn að betri stað. En svo flutti ég til Íslands og þá hélt ég að draumurinn væri úti. En ég hafði rangt fyrir mér. Ég hef meiri tækifæri hérna á Íslandi til að breyta heiminum ... Ef þú vilt gefa til baka til samfélagsins, þá geturðu gert það. Mér er sama um allar vinnustundirnar. Mér er sama þó þú þurfir að vinna miklu meira, gerðu bara það sem þú hefur trú á og þá geturðu gefið til baka, hvað sem það er.

Allar konurnar lögðu áherslu á mikilvægi þess að frumkvöðlastarfið gerði þeim kleift að hjálpa öðru fólki að skapa sín eigin tækifæri og fyrirtæki, þrátt fyrir langa vinnudaga og mikla vinnu. Halle útskýrði það svo: „Að vera frumkvöðull ... er ákveðin virðingarstaða í samfélaginu ... það getur enginn haldið því fram að ég hafi ekki lagt mitt af mörkum til samfélagsins.“ Það kvað við svipaðan tón hjá Hönnu sem lýsti sinni sýn á velgengni svo:

Velgengni fyrir minn rekstur þýðir að ég hafi náð að mynda sjálfbæran hagnað og skapa störf fyrir fólk. Þegar ég get ráðið fólk í vinnu, þegar ég get hjálpað öðrum að stofna sinn eigin rekstur, sjálfbæran rekstur, þá hef ég náð langt.

Sumar kvennanna voru fyrst og fremst drifnar áfram af ástríðu fyrir starfinu og því sem starfsemi þeirra getur komið til leiðar. Tamara lýsti ástríðu sinni og hvernig hún notaði ágóðann af starfseminni til að styðja frumkvöðla í svipaðri starfsemi í heimalandinu: „Þetta er mín ástríða. Sjálfur reksturinn er í raun í öðru sæti ... hann færir mér auka tekjur, en þær tekjur renna til góðgerðarstarfs; ég hjálpa frumkvöðlum í [mínu heimalandi].“ Þannig var fjárhagslegur ágóði af starfinu ekki það sem hvetur hana áfram, en hann var hins vegar mikilvægur af því að hann á þátt í að hún getur skapað meiri félagsleg verðmæti. Fleiri konur lýstu svipaðri nálgun þar sem þær höfðu komið á fót starfsemi sem náði góðum árangri fjárhagslega og þær gátu nýtt þann ágóða til að taka næsta skref og stofna fyrirtæki sem hefur fyrst og fremst það markmið að skapa félagsleg verðmæti. Chloe orðaði það svo:

Þetta var bara til að borga reikningana, til að eiga til hnífs og skeiðar. Þegar ég er komin á öruggan stað fjárhagslega, þá get ég farið að hugsa: OK, þetta greiðir reikningana, en það sem mig virkilega langar að gera er þetta hér ... vegna þess að fyrsta fyrirtækið heldur mér uppi þá hef ég tíma til að vinna í hinu verkefninu sem er það sem ég virkilega brenn fyrir.

Fyrirtækin voru ekki öll stofnuð með það að markmiði í upphafi að skapa félagsleg verðmæti en störf kvennanna og áherslur á velferð samfélagsins urðu til þess að sköpun félagslegra verðmæta varð lykilatriði. Hanna útskýrði hvernig mikilvægi og hlutverk hennar rekstrar hefur tekið á sig nýja mynd og þjónusta við samfélagið er ekki síður mikilvæg en fjárhagsleg afkoma:

Rauði krossinn hringir reglulega í mig ... þegar fólk leitar hælís hér á landi ... „megum við koma með þau?“ ... þá undirbý ég komu þeirra og þegar þau koma þá loka ég versluninni svo þau geti komið og keypt það sem þau vantar.

Hanna sér ekki bara til þess að fólk geti nálgast þær vörur sem það saknar frá heimalandinu, hún er líka tilbúin að aðstoða aðra innflytjendur, veita þeim stuðning og hjálp við að finna þær upplýsingar sem þeir þurfa. Hanna fann líka að hún gat orðið Íslendingum af blönduðum uppruna að liði og sagði söguna af því þegar til hennar kom stúlka sem átti erfitt því hana skorti tengsl við þann hluta fjölskyldunnar sem var af svörtum kynþætti:

Ég sagði við hana „hér hefurðu símanúmerið mitt og þú getur hringt í mig hvenær sem er ef þú vilt tala við svarta frænku (Black auntie). Ég skal „talk Black“ við þig ef þú vilt.“ En ég veit ekkert hvað það er að „talk Black.“ Hún hringir samt stundum í mig. Og við upplifum alls konar svona. Þess vegna segi ég fólki, þetta er ekki bara verslun, þetta er líka eins og félagsmiðstöð þar sem fólk kemur og þeim líður eins og þau eigi hér heima (belong).

Konurnar fundu til valdeflingar við það að vera í leiðtogasætinu, það færði þeim bæði valdið og frelsið til þess að aðstoða aðra. Til dæmis útskýrði Daphne hvað það að vera frumkvöðull þýðir fyrir hana: „Það þýðir í raun frelsi, að ég er sjálfri mér nóg og sjálfstæð, sem hefur verið markmið mitt frá því ég var ung stúlka.“ Öðrum fannst einnig valdeflandi að vera fyrirmynd annarra og að hafa meiri stjórn á lífi sínu, jafnvel þótt fyrirtækjarekstur feli alltaf í sér ákveðna áhættu og útheimti mikla vinnu. Rosa útskýrði það svo:

Það er svo frábært að geta sjálf tekið þessar ákvarðanir, að hafa sjálfstæðið til að taka ákvarðanir, að sjá tækifærin á markaðnum og taka áhættuna sjálf. Án þess, þú veist, að vera sagt að ég sé ekki nóg góð eða að ég þurfi að setta mig við að vera í þessu starfi af því að ég geti ekki fengið vinnu neins staðar annars staðar.

Loks fundu margar þeirra fyrir þeirri valdeflingu sem fylgir því að stunda eigin rekstur, vegna þess að þær höfðu náð árangri og yfirstigið þá útilokun og vantrú á getu þeirra og hæfileika sem þær höfðu upplifað í atvinnuleit hér á landi. Hanna sagði svo frá:

Fólk hélt að ég gæti þetta ekki ... Sko, þegar þú leitar aðstoðar, þér finnst þú vera útilokuð og ekki eiga aðild, líkt og þú uppfyllir ekki skilyrðin. En svo þegar þú bara ferð og framkvæmir þetta, það færir þér svo mikið vald ... og ég þekki svo marga innflytjendur sem eru að reyna að koma á fót sínum eigin fyrirtækjum. Þau segja, „við erum að fylgjast með þér, við höldum að þú myndir gefast upp eftir eitt eða tvö ár, en þú ert enn að!“ Ég get gert þetta sjálf. Þetta er hörkuvinna. Virkilega mikil hörkuvinna. En ég get þetta!

4.2 Skörun kyns, uppruna og kynþáttar er þáttur í inngildingu og útilokun

Upplifun af því að það væri hindrun að vera kona í frumkvöðlastarfi kom ekki sterkt fram nema hjá þeim viðmælendum sem störfuðu í geirum þar sem karlar eru í miklum meirihluta. Þær upplifðu vanvirðingu og útilokun vegna kyns síns, og gripu til ýmissa ráða til að yfirstíga þessar hindranir, t.d. að fá karlmenn til að setja nöfn sín á lista stjórnarmanna eða fylgja þeim á fundi. Dominique lýsti þessu svo: „Ég notaði nöfn karlmanna í stjórnina, jafnvel þótt þeir væru ekki þátttakendur í neinu verkefni ... stundum notaði ég þetta til að ná betri samningum og til að fá, þú veist, meiri virðingu.“ Þessi aðferð reyndist hins vegar ekki alltaf hjálpleg og gat jafnvel snúist upp í að grafa undan áhrifavaldi þeirra í stað þess að valdefla þær. Dominique hélt áfram og lýsti samskiptum sínum við karlmenn í öðrum fyrirtækjum svo:

Allan tímann sem hann talaði við mig, þá horfði hann á samstarfsmann minn. Ég veit að hann tók ekki einu sinni eftir mér. Hann talaði við samstarfsmann minn allan tímann. Hvíta karlmanninn ... Við fórum á annan fund í þessu fyrirtæki ... og aftur töluðu þeir allan tímann við samstarfsmann minn og horfðu allan tímann bara á samstarfsmann minn. Þannig að ég hætti alveg að taka hann með á fundi. Svo að þeir neyddust til að horfa á mig!

Ekki var alltaf ljóst hvort einn þáttur var meiri hindrun en annar, eða hvort skörun þátta skóp fyrst og fremst hindranir. Að vera innflytjandi, kona og frá Asíu virtist vega þyngra en að vera frumkvöðull, fasteignaeigandi og með tvö fyrirtæki í fullum rekstri þegar Olivia sóttist árangurslaust eftir láni hjá fjármálastofnun: „Íslendingar sem ég þekki og eru ekki

með nein stór fyrirtæki segja að það sé ekki erfitt að fá lán ... Ég er búin að fara þrisvar í bankann til að reyna að fá lán!“ Hún gafst þó ekki upp, heldur reyndi aðra aðferð:

Bókhaldarinn minn er Íslendingur. Hann getur hjálpað mér. Hann kom með mér og þá fékk ég lán. Hann talaði á fundinum og sagði „ég vinn fyrir hana, hún á þessar og þessar eignir“ ... og ég fékk lánið en ég hefði viljað gera þetta sjálf ... að þau skuli ekki treysta mér eftir tuttugu ár!

Olivia upplifði að þrátt fyrir reynslu hennar af rekstri, að vera vel stæð og fasteignaeigandi, og áratuga viðskipti við fjármálastofnunina þá væri henni enn vantreyst. Henni fannst niðurlægjandi að þurfa að taka starfsmann sinn með sér, að það þyrfti að vera íslenskur karlmaður sem talaði máli hennar til þess að hún fengi lán til rekstrarins.

Margar kvennanna höfðu áhuga á að ganga til liðs við íslenskar konur í atvinnulífinu, t.a.m. með því að starfa með FKA og mynda tengslanet með öðrum athafnakonum í íslensku samfélagi. Þær upplifðu hins vegar útilokun frá félaginu, og þá sérstaklega konur í hópi kynþáttaminnihluta. Rosa bar saman reynslu sína við reynslu innflytjendakvenna af minnihluta kynþætti og dró fram forréttindastöðu sína sem hvít innflytjendakona: „Það hjálpar augljóslega að vera hvít, evrópsk kona.“ Konurnar voru ósáttar með að fá lítinn stuðning frá félaginu og upplifðu útilokun; að innflytjendakonur væru ekki velkomnar í hópinn. Rosa hélt áfram:

Á viðburðum félagsins þá eru svona klíkur ... eins og ákveðnar konur úr bönkunum og þær standa saman í hópum. Þær geta verið mjög óárenni-
legar. Það er erfitt að ganga inn í þessa sali stundum, skilurðu, ef þú veist ekki alveg hverjar munu verða þarna.

Þegar þær ræddu þessa tilfinningu útilokunar sem þær upplifðu á viðburðum félagsins með íslenskum konum, þá lýstu margar innflytjendakonurnar reynslu sinni sem svo að þær hefðu enga rödd, að þær væru einungis velkomnar sem áheyrendur og að framlags þeirra væri ekki óskað. Þær vildu deila sinni reynslu, innsýn, færni og þekkingu með hinum konunum, en upplifðu að íslensku konurnar álitu þær einungis hjálparþurfi. Natalie útskýrði sína reynslu:

Við erum aldrei á sviðinu ... okkar skilaboð voru að vegna allrar okkar reynslu af ólíkum sviðum þyrftum við að búa til okkar eigin hóp innan FKA. Ekki vegna þess að staða okkar sé veik og við þurfum hjálp, heldur til að sýna fram á að við erum sterkar, hæfileikaríkar, klárar og hörkudug-
legar.

Þessar hindranir urðu þó ekki til þess að draga úr innflytjendakonunum móðinn; þær stofnuðu sína eigin deild innan FKA. Það veitti þeim aukinn kraft að geta bæði leitað til og stutt hver aðra. Daphne lýsti hvernig hún fann leið til að takast á við vandamálið:

Fyrirtækjaeigendur af erlendum uppruna eru mitt fólk ... og ég held að við séum tengd saman og við erum að búa til okkar eigin litlu búbbu ... sem er mjög fallett hvað mörg okkar eru að reyna að hjálpa öðru fólk sem er að flytja hingað ... Það finnst mér skapa mjög heilbrigða orku ... Ég einblíni ekki á lokaðar dyr, ég einblíni á þær sem eru að opnast. Og ef ég er óvel-
komin við borðið, þá mun ég búa til mitt eigið borð þar sem við getum setið.

4.3 Smæðin og aðgengileikinn hefur tvær hliðar

Konurnar útskýrðu hvernig í svona smáu samfélagi eins og á Íslandi, þá hefur aðgengi-
leikinn tvær ólíkar hliðar. Annars vegar eru boðleiðirnar á milli fólks svo stuttar að þeim

finnst eins og að þær gætu bankað á hér um bil hvaða dyr sem er og óskað eftir aðstoð. En hins vegar, þá eru samfélögin mjög lokuð og þeim finnst að sem utan að komandi aðilar beri þær alla ábyrgð á að stíga fyrsta skrefið og brjóta niður múrinn sem útilokar þær. Rosa útskýrði það svo:

Það eru tvær hliðar á samfélaginu. Önnur er jákvæða hliðin þar sem aðgengi er mjög opið öllum. Hér er hægt að ná í alla með einu eða tveimur símtölum ... þú getur auðveldlega bara tekið upp símann og talað við Elizú eða, þú veist, Guðna! ... það er mjög valdeflandi ... En svo er hin hliðin þar sem allir eru í lokuðum hópum ... Þú þarft að aðlagast báðum þessum hliðum. Þetta snýst um samfélag og aðlögun. Vegna þess að þau opna ekki nema þú bankir á hurðina.

Allar höfðu konurnar leitað leiða til að fá aðgang að mikilvægum tengslanetum. Þær upplifðu að þær hefðu þurft að hafa frumkvæðið og teygja sig mjög langt til að mynda tengsl og læra á það hvernig þau virka í hinum lokuðu samfélögum. Það var áskorun að hafa samband til að ávinna sér traust og trúverðugleika fyrir vörur sínar og þjónustu. Þær fundu ýmsar leiðir til að mæta þessari áskorun. Til að mynda hafði Dominique náð að tengja sínar vörur við nærsamfélagið og ávinna sér þannig stuðning heimafólks:

Við byrjuðum á að kynna vörurnar okkar og sögðum, við viljum styrkja stelpnaliðið í fótbolta og við vorum fyrsti styrktaraðili stelpnanna ... Með þessu fór fólk að tala um „fyrirtækið sem er að styrkja stelpurnar okkar“ ... Þau eru stolt af vörunni, nýsköpuninni og að hráefnið kemur héðan ... Þannig að fólk er stolt af vörunni og við fáum rosalega góð viðbrögð frá þeim.

Þannig náði Dominique að tryggja sér stuðning og góðvild fólksins í samfélaginu með því að tengja sig sem frumkvöðlakona sem byggir á auðlindum nærumhverfisins og gefur til baka til samfélagsins.

Konurnar lögðu áherslu á að sem innflytjendakonur hafi þær þurft að sanna sig í sífellu og berjast gegn ýmsum hindrunum til að eiga möguleika sem frumkvöðlar. Þær tókust þó á við áskoranirnar með jákvæðni að leiðarljósi og Daphne útskýrði hvernig hún var staðráðin í að beita jákvæðu hugarfari til að yfirstíga hindranir og ná að skapa tengsl:

Þetta þýðir að ég þarf að vinna af meiri hörku en fólkíð í kring um mig. Ég þarf að vera klárari. Og ég þarf að berjast gegn ójöfnuði með ást, með brosi, með mikilli vinnu, og sanna að ég geti þetta. Ég þarf að sanna það fyrir sjálfri mér. Ég þarf að sanna það fyrir okkur öllum – innflytjendunum sem erum að reyna að fóta okkur.

5 Umræður

Upplifun innflytjendakvenna í þessari rannsókn af því að gerast frumkvöðlar og að stofna eigin rekstur á Íslandi var á margan hátt jákvæð, þrátt fyrir að hafa mætt hindrunum vegna kyns, uppruna og húðlitar. Þær höfðu fundið leiðir til að takast á við og yfirstíga margar hindranir og náð að koma til skila mikilvægu framlagi til samfélagsins. Nokkrar af frumkvöðlakonunum lýstu því að helsta ástæðan fyrir því að þær fóru út í eigin rekstur hafi verið erfiðleikar við að fá starf við hæfi á Íslandi, sem er í takt við skýrslur GEM (Elam o.fl., 2021, 2023). Flestar voru hins vegar hvattar áfram af samspili mismunandi þátta og var innflytjendabakgrunnur þeirra jafnvel ástæða þess að þær komu auga á tækifæri fyrir nýsköpun í vörum eða þjónustu. Markmið þeirra voru fjölþætt (Wach o.fl., 2016), meðal annars að hafa áhrif og styðja aðrar innflytjendakonur. Helsti hvati þeirra allra var að leggja sitt af mörkum til samfélagsins (Hedberg og Pettersson, 2012), og í mörgum tilfellum

litu þær á fjárhagslega velgengni fyrirtækis síns fyrst og fremst sem lykilinn að því að geta gefið til baka til samfélagsins.

Flest fyrirtæki kvennanna voru smá, bæði rekstrarlega og fjárhagslega, og er það í takt við þann stærðarmun sem komið hefur fram á fyrirtækjum kvenna og karla hjá Loscocco og Bird (2012) og GEM (Elam o.fl., 2021, 2023). Þær upplifa samt sem áður velgengni vegna þess að þær miða velgengni sína meira við framlagið til samfélagsins heldur en við fjárhagslega afkomu og vöxt. Slíkt fellur ekki að staðalmynd frumkvöðulsins þar sem mikil áhersla er á fjárhagslegan vöxt (Ahl og Marlow, 2012), heldur fremur að þeim hvötum sem Manolova o.fl. (2012) skilgreindu sem kvenlæga. Fyrir KIF er velgengni fólgin í því að skapa störf fyrir annað fólk og geta aðstoðað aðrar konur og aðra innflytjendur í því að koma á fót eigin sjálfbæru fyrirtækjum. Árangursviðmið um fjárhagslegan vöxt eru ríkjandi í stofnanaumhverfinu (Ahl og Marlow, 2012, 2021; Elam, 2021, 2023; Lewis, 2006; Mattis, 2004) og geta því grafið undan trúverðugleika KIF út á við og valdið því að þær eigi erfiðara með að tryggja rekstri sínum fjármagn.

Niðurstöðurnar og fyrri rannsóknir benda einnig til þess að hvatar og markmið kvenna og karla í frumkvöðlastarfi geti verið ólíkir (Elam o.fl., 2023). Áhersla þessara innflytjendakvenna í frumkvöðlastarfi á samfélagslega nýsköpun, þ.e. sköpun félagslegra verðmæta, undirstrikar mikilvægi þess að víkka sjónarhornið í mati á árangri í frumkvöðlastarfi og skoða fjölbreyttari tegundir frumkvöðla og frumkvöðlastarfs (Donaldson o.fl., 2023; Hec-havarría o.fl., 2017; Welter o.fl., 2017). Mikilvægi þess að beina sjónum að sköpun félagslegra verðmæta þýðir þó ekki að fjárhagsleg verðmætasköpun skipti ekki máli, heldur undirstrikar að ofuráhersla á hefðbundna tvíhyggju og staðalmyndir (Ahl og Marlow, 2012) geti leitt til þess að þeim sem standa að rannsóknum og stefnumótun frumkvöðlastarfs yfirsjáist nauðsynleg atriði og mikilvæg tækifæri.

Konurnar í rannsókninni upplifðu ekki endilega að það væri hindrun að vera kona í frumkvöðlastarfi og gat það jafnvel opnað á ákveðin tækifæri, t.a.m. í styrkjasókn. Það var þó ljóst að í þeim geirum þar sem karlar eru í miklum meirihluta upplifðu þær framkomu frá körlum sem var útilokandi og dró úr valdi þeirra (Ozkazanc-Pan og Muntean, 2021). Það kemur heim og saman við niðurstöður Bosse og Taylor (2012) sem lýstu öðru glerþaki sem mætir frumkvöðlakonum, sérstaklega þegar þær leita eftir fjármagni fyrir rekstur sinn. Konurnar lýstu tilraunum til að yfirstíga hindranir vegna kyns með því að tengja sig sterkar við karlmenn, líkt og Godwin o.fl. (2006) lögðu til, og virtist það hjálpa í einhverjum tilfellum, til dæmis þegar íslenskur karlmaður var fenginn til að vera talsmaðurinn í banka. En að tengja sig við karla virtist einnig geta viðhaldið hindrunum þar sem aðrir karlar voru í meirihluta með því að ekki var hlustað á konurnar né þær teknar alvarlega. Flestum kvennanna gafst mun betur að mynda tengsl við nærumhverfið til að byggja upp traust og trúverðugleika. Þar gat smæð íslensks samfélags og aðgengileiki unnið með þeim, þó sumar þeirra hafi einnig upplifað smæðina sem útilokandi. Undirstrika þessar niðurstöður mikilvægi þess að hafa í huga breytileika umhverfisins og sérstöðu íslenskra aðstæðna líkt og Chreim o.fl. (2018) bentu á.

Með því að gefa gaum að skörun ýmissa þátta, eins og kyns, kynþáttar, uppruna og þjóðernis koma ýmsar hindranir í ljós. Mættu konurnar jafnvel þreföldum hindrunum (Azmat, 2013) fyrir það að vera innflytjendur, konur og af öðrum kynþætti en hvítum. Sérstaklega virtist „bambusþakið“ hindra konur af asískum uppruna (Yu, 2020) og upplifðu þær að vera ekki álitnar trúverðugar í íslensku stofnanaumhverfi, jafnvel þrátt fyrir góða eignastöðu og áralangan rekstur. Niðurstöðurnar gefa því tilefni til frekari rannsókna á birtingarmyndum fordóma og útilokunar gagnvart innflytjendum af mismunandi uppruna.

Útilokun vegna uppruna og kynþáttar kom sérstaklega illa við konurnar þegar þær upplifðu hana af hendi annarra kvenna. Margar þeirra lýstu ýmist eigin upplifun eða því að hafa horft upp á hvernig hvítar íslenskar konur útilokuðu innflytjendakonur af öðrum

uppruna. Þessar niðurstöður undirstrika að KIF eru ekki einsleitur hópur og að innflytjendakonur eru metnar ólíkt og hafa mismunandi stöðu út frá kynþætti, þjóðerni og uppruna (Anthias, 2007; Ramos-Escobara o.fl., 2022). Niðurstöðurnar draga fram mikilvægi þess að hafa í huga áhrif hvítleika samfélagsins á félagsauð, félagsstöðu og félagstengsl kvennanna og hvernig skörun hvítleika við aðra þætti leiðir til hindrana sem geta valdið því að KIF af öðrum kynþætti en hvítum eru útilokaðar frá framtaki sem ætlað er að styðja við allar innflytjendakonur í frumkvöðlastarfi (Crenshaw, 1991; Lundström, 2017; Ozkazanc-Pan og Muntean, 2021).

KIF í þessari rannsókn lögðu sig fram um að eiga skilið inngildingu í frumkvöðlavistkerfinu; þær vinna að eflingu félagstengsla, eflingu trausts og að tilheyra, auk þess að bjóða fram þekkingu sína og framlag til gagns fyrir aðra. Upplifun þeirra er hins vegar sú að þeim bjóðist ekki að tilheyra og að þeirra framlags sé hvorki óskað né það metið að verðleikum (Anthias, 2008). Niðurstöðurnar benda til að efla þurfi inngildingu, stuðning og skilning á hinum ósýnilegu viðmiðum hvítleikans, sem getur leitt til vanmats á því sem ekki telst nógu hvítt (Kristín Loftsdóttir, 2017, 2020; Lundström, 2017). Bolzani og Mizzau (2019) hafa jafnframt bent á að byggja þurfi brýr milli innflytjenda og annarra ef leggja á grunn að inngildingu innan vistkerfis frumkvöðla. Benda niðurstöður okkar til þess að rík þörf sé á slíku framtaki innan íslenska frumkvöðlavistkerfisins þar sem í ljós kom skortur á að framlag innflytjendakvennanna væri velkomið og metið að verðleikum.

6 Lokaorð

Niðurstöður þessarar rannsóknar byggja á djúp-viðtölum við þrettán innflytjendakonur í frumkvöðlastarfi á Íslandi. Ætlunin er ekki að yfirfæra eða alhæfa niðurstöðurnar yfir á aðrar innflytjendakonur í frumkvöðlastarfi. Sú innsýn sem rannsóknin veitir inn í reynslu og upplifun þessara þrettán kvenna varpar hins vegar ljósi á mikilvæga hvata og hindranir sem einstaklingar í svipuðum aðstæðum geta þurft að takast á við vegna kyns, kynþáttar, þjóðernis og uppruna, en áhrif kyns og innflytjendabakgrunns hafa ekki verið nægjanlega mikið rannsökuð að mati Collins og Low (2019). Þessar niðurstöður hafa einnig gildi fyrir íslenskt samhengi og svara kalli Chreim o.fl. (2018) eftir rannsóknum á sérstöku samhengi og staðbundnum áhrifum. Frekari rannsóknar er þörf á þætti kyns í upplifun innflytjendakarla í frumkvöðlastarfi, með sérstakri áherslu á þátt hvítleika, bæði hérlandis og erlendis.

Niðurstöðurnar undirstrika að ákall Ahl og Marlow (2012; 2021) á enn við, áherslur í frumkvöðlafræðum og stefnumótun ættu að taka til greina feminíska gagnrýni á þau viðmið og staðalmyndir sem viðhaldið geta kynjaskekkju í frumkvöðlastarfi. Þær varpa einnig ljósi á mikilvægi þess að líta á frumkvöðlastarf sem ferli sem drifið er áfram af margs konar hvötum (Ahl og Marlow, 2012; Donaldson o.fl., 2023; Elam o.fl., 2021, 2023; Hechavarría o.fl., 2017; Lewis, 2006; Mattis, 2004), og að ekki skal vanmeta vægi hvata til sköpunar félagslegra verðmæta.

Loks draga niðurstöðurnar fram að enn má gera betur í íslensku samfélagi og frumkvöðlavistkerfi til að vinna að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna. Ef litið er til markmiðs númer 5 um jafna stöðu kynjanna má sjá að innflytjendakonur lýsa hindrunum sem þær mæta sem konur í íslensku fjármála- og stofnanaumhverfi og gera þeim erfiðara um vik að afla fjármagns til rekstrar síns. Þegar kemur að markmiði númer 10 um að draga úr ójöfnuði þá varpa niðurstöðurnar ljósi á að innflytjendur upplifa oft og tíðum útilokun frá tengslanetum sem veitt gætu ómetanlegan stuðning í frumkvöðlastarfi þeirra. Í því samhengi er vert að árétta mikilvægi inngildingar, því ávinningurinn af þátttöku innflytjenda í vistkerfi frumkvöðla á Íslandi er gagnkvæmur. Innflytjendakonurnar lögðu áherslu á að þær væru ekki einungis að leita eftir stuðningi, heldur hefðu fram að færa mikilvæga þekkingu, tengsl og reynslu sem gagnast gæti íslenskum frumkvöðlum.

Heimildir

- Abbasian, S., og Bildt, C. (2009). Empowerment through entrepreneurship: A tool for integration among immigrant women? *IUP Journal of Entrepreneurship Development*, 6(3), 7-20.
- Abbasian, S., og Yazdanfar, D. (2013). Exploring the financing gap between native born women- and immigrant women-owned firms at the start-up stage: Empirical evidence from Swedish data. *International Journal of Gender and Entrepreneurship*, 5(2), 157-173. <https://doi.org/10.1108/17566261311328837>
- Ahl, H., og Marlow, S. (2012). Exploring the dynamics of gender, feminism and entrepreneurship: advancing debate to escape a dead end? *Organization*, 19(5), 543-562. <https://doi.org/10.1177/1350508412448695>
- Ahl, H., og Marlow, S. (2021). Exploring the false promise of entrepreneurship through a postfeminist critique of the enterprise policy discourse in Sweden and the UK. *Human Relations*, 74(1), 41-68. <https://doi.org/10.1177/0018726719848480>
- Aliaga-Isla, R., og Rialp, A. (2013). Systematic review of immigrant entrepreneurship literature: previous findings and ways forward. *Entrepreneurship & Regional Development*, 25(9-10), 819-844. <https://doi.org/10.1080/08985626.2013.845694>
- Anthias, F. (2007). Ethnic ties: Social capital and the question of mobilisability. *The Sociological Review*, 55(4), 788-805. <https://doi.org/10.1111/j.1467-954X.2007.00752.x>
- Anthias, F. (2008). Thinking through the lens of translocational positionality: an intersectionality frame for understanding identity and belonging. *Translocations: Migration and social change*, 4(1), 5-20.
- Azmat, F. (2013). Opportunities or obstacles? Understanding the challenges faced by migrant women entrepreneurs. *International Journal of Gender and Entrepreneurship*, 5(2), 198-215. <https://doi.org/10.1108/17566261311328855>
- Barba-Sánchez, V., og Atienza-Sahuquillo, C. (2017). Entrepreneurial motivation and self-employment: evidence from expectancy theory. *International Entrepreneurship and Management Journal*, 13(4), 1097-1115. <https://doi.org/10.1007/s11365-017-0441-z>
- Bolzani, D., og Mizzau, L. (2019). Supporting migrant entrepreneurship in entrepreneurial ecosystems: insights from Milan. *Piccola Impresa/Small Business*, (3), 78-105. <https://doi.org/10.14596/pisb.359>
- Bosma, N., Schøtt, T., Terjesen, S. A., og Kew, P. (2016). *Special topic report on social entrepreneurship*. Global Entrepreneurship Monitor. <https://www.gemconsortium.org/report/gem-2015-report-on-social-entrepreneurship>
- Bosse, D. A. og Taylor, P. L. (2012). The second glass ceiling impedes women entrepreneurs. *Journal of Applied Management and Entrepreneurship*, 17(1), 52-68.
- Burdikova, A., Barillé, S., Meckl, M. og Gísladóttir, S. (2018). Underemployment of immigrant women in Iceland – a case study. *Nordicum Mediterraneum*, 13(1), 1-13. <https://doi.org/10.33112/nm.13.1.2>
- Buttner, E. H., og Moore, D. P. (1997). Women's organizational exodus to entrepreneurship: Self-reported motivations and correlates with success. *Journal of Small Business Management*, 35, 34-46.
- Chreim, S., Spence, M., Crick, D., og Liao, X. (2018). Review of female immigrant entrepreneurship research: Past findings, gaps and ways forward. *European Management Journal*, 36(2), 210-222. <https://doi.org/10.1016/j.emj.2018.02.001>
- Christiansen, T. H. og Kristjánsdóttir, E. S. (2020). "When you are a Professional": Highly skilled immigrants' experiences of the tension between avowed and ascribed identity. Í K. Loftsdóttir, U. D. Skaptadóttir og S. Hafsteinsson (ritstj.), *Mobility and Transnational Iceland: Current Transformations and Global Entanglements* (bls. 53-70). Háskólaútgáfan.
- Christiansen, T. H. og Kristjánsdóttir, E. S. (2022). "Whether you like my skin or not, I am here": skilled racial minority migrant women's experiences of navigating career challenges in the White Icelandic labor market. *Journal of Global Mobility*, 10(4), 496-514. <https://doi.org/10.1108/JGM-05-2022-0019>
- Clark, K., og Drinkwater, S. (2000). Pushed out or pulled in? Self-employment among ethnic minorities in England and Wales. *Labour Economics*, 7(5), 603-628. [https://doi.org/10.1016/S0927-5371\(00\)00015-4](https://doi.org/10.1016/S0927-5371(00)00015-4)
- Collins, J., og Low, A. (2010). Asian female immigrant entrepreneurs in small and medium-sized businesses in Australia. *Entrepreneurship and Regional Development*, 22(1), 97-111. <https://doi.org/10.1080/08985620903220553>
- Crenshaw, K. (1991). Mapping the margins: Intersectionality, identity politics, and violence against women of color. *Stanford Law Review*, 43, 1241-99. <http://www.jstor.org/stable/1229039?origin=JSTOR-pdf>
- Dheer, R. J. (2018). Entrepreneurship by immigrants: a review of existing literature and directions for future research. *International Entrepreneurship and Management Journal*, 14(3), 555-614. <https://doi.org/10.1007/s11365-018-0506-7>
- Donaldson, C., González-Serrano, M. H., og Moreno, F. C. (2023). Intentions for what? Comparing entrepreneurial intention types within female and male entrepreneurship students. *The International Journal of Management Education*, 21(2), 100817. <https://doi.org/10.1016/j.ijme.2023.100817>
- Egel, E. (2021). What Hinders Me from Moving Ahead? Gender Identity's Impact on Women's Entrepreneurial Intention. Í *Exploring Gender at Work* (bls. 231-252). Palgrave Macmillan.
- Elam, A., Hughes, K., Guerrero, M., Hill, S. og Nawangpalupi, C. (2021). Women's entrepreneurship 2020/21: thriving through crisis. Global Entrepreneurship Research Association. <https://www.gemconsortium.org/file/open?fileId=50841>

- Elam, A., Hughes, K. D. og Samsami, M. (2023). GEM 2022/23 women's entrepreneurship report: challenging bias and stereotypes. Global Entrepreneurship Research Association. <https://www.gemconsortium.org/file/open?fileId=51352>
- Elo, M., Aman, R. og Täube, F. (2020). Female migrants and brain waste – a conceptual challenge with societal implications. *International Migration*, 1-23. <https://doi.org/10.1111/imig.12783>
- Godwin, L.N., Stevens, C.E., og Brenner, N.L. (2006). Forced to play by the rules? Theorizing how mixed-sex founding teams benefit women entrepreneurs in male-dominated contexts. *Entrepreneurship Theory and Practice*, 30(5), 623–642. <https://doi.org/10.1111/j.1540-6520.2006.00139.x>
- Gylfi Magnússon, Inga Minelgaite, Erla S. Kristjánsdóttir og Póra H. Christiansen. (2018). Here to stay? The rapid evolution of the temporary staffing market in Iceland. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 14(2), 135-158. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2018.14.2.7>
- Hechavarria, D. M., Terjesen, S. A., Ingram, A. E., Renko, M., Justo, R., og Elam, A. (2017). Taking care of business: the impact of culture and gender on entrepreneurs' blended value creation goals. *Small Business Economics*, 48(1), 225-257. <https://doi.org/10.1007/s11187-016-9747-4>
- Hedberg, C., og Pettersson, K. (2012). Disadvantage, ethnic niching or pursuit of a vision? *Journal of International Migration and Integration*, 13(4), 423-440. <https://doi.org/10.1007/s12134-011-0217-1>
- Jafari-Sadeghi, V. (2020). The motivational factors of business venturing: Opportunity versus necessity? A gendered perspective on European countries. *Journal of Business Research*, 113, 279-289. <https://doi.org/10.1016/j.jbusres.2019.09.058>
- Kloosterman, R. C. (2010). Matching opportunities with resources: A framework for analysing (migrant) entrepreneurship from a mixed embeddedness perspective. *Entrepreneurship and Regional Development*, 22(1), 25-45. <https://doi.org/10.1080/08985620903220488>
- Kristín Loftsdóttir. (2020). Race and racialization in Iceland. Í K. Loftsdóttir, U. D. Skaptadóttir og S. Hafsteins-son (ritstj.), *Mobility and transnational Iceland: Current transformations and global entanglements*, (bls. 39–52). Háskólaútgáfan.
- Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson. (2016). “Hún gæti alveg verið múslimi og allt það”: Ráðning fólks af erlendum uppruna til íslenskra fyrirtækja. *Stjórnmal og stjórnsýsla* 12(2), 393-416. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2016.12.2.10>
- Kristjánsdóttir, E. S., og Christiansen, T. (2017). “...you have to face the fact that you're a foreigner”: Immigrants' lived experience of communication and negotiation position toward their employer in Iceland. *Journal of Intercultural Communication*, 44, 1-17. <https://www.proquest.com/scholarly-journals/you-have-face-fact-that-youre-foreigner/docview/1963400856/se-2>
- Lanigan, R. L. (1988). *Phenomenology of communication*. Duquesne University Press.
- Lassalle, P. og Shaw, E. (2021). Trailing wives and constrained agency among women migrant entrepreneurs: An intersectional perspective. *Entrepreneurship Theory and Practice*, 45(6), 1496-1521. <https://doi.org/10.1177/1042258721990331>
- Lewis, P. (2006). The quest for invisibility: Female entrepreneurs and the masculine norm of entrepreneurship. *Gender, Work and Organization*, 13(5), 453-469. <https://doi.org/10.1111/j.1468-0432.2006.00317.x>
- Loftsdóttir, K. (2017). Being “the damned foreigner”: affective national sentiments and racialization of Lithuanians in Iceland. *Nordic Journal of Migration Research*, 7, 117-139. <https://doi.org/10.1515/njmr-2017-0012>
- Loscocco, K., og Bird, S. R. (2012). Gendered paths: why women lag behind men in small business success. *Work and Occupations*, 39(2), 183-219. <https://doi.org/10.1177/0730888412444282>
- Lundström, C. (2017). The white side of migration: Reflections on race, citizenship and belonging in Sweden. *Nordic Journal of Migration Research*, 7(2). <https://doi.org/10.1515/njmr-2017-0014>
- Malecki, E. J. (2018). Entrepreneurship and entrepreneurial ecosystems. *Geography Compass*, 12(3), e12359. <https://doi.org/10.1111/gec3.12359>
- Manolova, T. S., Brush, C. G., Edelman, L. F., og Shaver, K. G. (2012). One size does not fit all: Entrepreneurial expectancies and growth intentions of US women and men nascent entrepreneurs. *Entrepreneurship & Regional Development*, 24(1-2), 7-27. <https://doi.org/10.4324/9780203110188>
- Mattis, M. C. (2004). Women entrepreneurs: Out from under the glass ceiling. *Women in Management Review*, 19(3), 154-163. <https://doi.org/10.1108/09649420410529861>
- Munkejord, M. C. (2017a). Immigrant entrepreneurship contextualised. *Journal of Enterprising Communities: People and Places in the Global Economy*, 11(2), 258-276. <https://doi.org/10.1108/JEC-05-2015-0029>
- Munkejord, M. C. (2017b). Local and transnational networking among female immigrant entrepreneurs in peripheral rural contexts: Perspectives on Russians in Finnmark, Norway. *European Urban and Regional Studies*, 24(1), 7-20. <https://doi.org/10.1177/0969776415587122>
- Nelson, J. L. (1989). Phenomenology as feminist methodology: Explicating interviews. Í K. Carter og C. Spitzack (ritstj.), *Doing research on women's communication: Perspectives on theory and method*. (bls. 221-241). Ablex Publishing Corporation.
- Orbe, M. P. (1998). *Constructing co-cultural theory: An explication of culture, power and communication*. SAGE Publications.
- Ozkazanc-Pan, B., og Muntean, S. C. (2021). *Entrepreneurial ecosystems: A gender perspective*. Cambridge University Press.

- Pio, E. (2007). Ethnic entrepreneurship among Indian women in New Zealand: A bittersweet process. *Gender, Work and Organization* 14, 409–432. <https://doi.org/10.1111/j.1468-0432.2007.00358.x>
- Pio, E. (2010). Islamic sisters: Spirituality and ethnic entrepreneurship in Sweden. *Equality, Diversity and Inclusion: an International Journal*, 29(1), 113–130. <https://doi.org/10.1108/02610151011019246>
- Pio, E., Kristjánsdóttir, E. S. og Christiansen, T. H. (2021). Glass hearts?! Successful visible ethnic minority women migrants at work in Iceland and New Zealand. *Journal of Management & Organization*, 1–19. <https://doi.org/10.1017/jmo.2021.30>
- Ramos-Escobar, E. A., García-Pérez-de-Lema, D., Castillo-Vergara, M., og Valdez-Juárez, L. E. (2022). Immigrant entrepreneurs: A review of the literature and an agenda for future investigations. *International Journal of Intercultural Relations*, 91, 170–190. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2022.09.009>
- Simona Vareikaitė, Inga Minelgaite og Gylfi Magnússon. (2022). Þjóðleg fjölbreytni í stjórnun íslenskra hlutafélaga. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 19(1), 27–52. <https://doi.org/10.24122/tve.a.2022.19.1.2>
- Stam, E. (2015). Entrepreneurial ecosystems and regional policy: a sympathetic critique. *European Planning Studies*, 23(9), 1759–1769. <https://doi.org/10.1080/09654313.2015.1061484>
- Stangej, O., Minelgaite, I., Kristinsson, K., og Sigurðardóttir, M. S. (2018). Post-migration labor market: Prejudice and the role of host country education. *Evidence-based HRM: a Global Forum for Empirical Scholarship*. <https://doi.org/10.1108/EBHRM-03-2018-0019>
- Søholt, S., Stenbacka, S., og Nørgaard, H. (2018). Conditioned receptiveness: Nordic rural elite perceptions of immigrant contributions to local resilience. *Journal of Rural Studies*, 64, 220–229. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2018.05.004>
- van Manen, M. (2016). *Researching lived experience: Human science for an action sensitive pedagogy* (2. útg.). Routledge.
- Vinnumálastofnun. (2018). Greining á atvinnuleysi eftir bakgrunni. <https://www.vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysi-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum>
- Wach, D., Stephan, U., og Gorgievski, M. (2016). More than money: Developing an integrative multi-factorial measure of entrepreneurial success. *International Small Business Journal*, 34(8), 1098–1121. <https://doi.org/10.1177/0266242615608469>
- Webster, N. A., og Haandrikman, K. (2017). Thai women entrepreneurs in Sweden: Critical perspectives on migrant small businesses. *Women's Studies International Forum*, 60, 17–27. <https://doi.org/10.1016/j.wsif.2016.11.001>
- Welter, F., Baker, T., Audretsch, D. B., og Gartner, W. B. (2017). Everyday entrepreneurship—a call for entrepreneurship research to embrace entrepreneurial diversity. *Entrepreneurship Theory and Practice*, 41(3), 311–321. <https://doi.org/10.1111/etap.12258>
- Yu, H. H. (2020). Revisiting the bamboo ceiling: Perceptions from Asian Americans on experiencing workplace discrimination. *Asian American Journal of Psychology*, 11(3), 158. <https://psycnet.apa.org/doi/10.1037/aap0000193>